

## REGLUR

### um fyrsta söludag almennra útboða verðbréfa.

Seðlabanki Íslands setur hér með á grundvelli heimildar í 28. gr. laga nr. 13/1996, um verðbréfavíðskipti, með síðari breytingum, reglur um fyrsta söludag einstakra almennra útboða verðbréfa í því skyni að draga úr sveiflum í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfa-markaðnum.

#### 1. gr.

Þegar skráningarlýsing er tekin gild sem útboðslýsing skulu kauphallir, svo og aðrir skipulegir verðbréfamarkaðir sem Fjármálaeftirlitið felur að annast athugun á útboðslýsingum, í upphafi meðferðar á skráningar- eða útboðslýsingum, tilkynna Seðlabanka Íslands, lögfræðingum, með rafrænum hætti, um fyrirhuguð almenn útboð ásamt upplýsingum um öll helstu einkenni þeirra og í því formi sem bankinn telur fullnægjandi.

Auk framangreindra tilkynninga skulu sömu aðilar og nefndir eru í 1. mgr., um leið og endanleg ákvörðun liggur fyrir um fyrirhugaðan fyrsta söludag almenns útboðs, þó í síðasta lagi 3 afgangsdögum áður en áformað er að birta útboðsauglýsingu, tilkynna Seðlabankanum, lögfræðingum um nefndan dag, með rafrænum hætti og í því formi sem bankinn telur fullnægjandi.

Á grundvelli samstarfssamnings Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins tilkynnir Fjármálaeftirlitið Seðlabankanum um atriði þau er greinir í 1. og 2. mgr. þegar athugun útboðslýsingar er í höndum Fjármálaeftirlitsins.

Sé almennu útboði skipt í fleiri en einn áfanga, skal lýsa áformuðum áföngum og tilkynna síðan um fyrirhugaða fyrstu söludaga í síðari áföngum með sama hætti og tilkynnt var um fyrirhugaðan fyrsta söludag í fyrsta áfanga.

Seðlabankinn skal staðfesta móttöku framangreindra tilkynninga með rafrænum hætti um leið og þær berast.

Tilkynni Seðlabankinn ekki sendanda tilkynningar um breytingu á fyrirhuguðum fyrsta söludegi almenns útboðs, áður en tveir afgangsdagar banka eru til birtingar útboðsauglýsingar, skoðast sá dagur samþykktur án sérstakrar tilkynningar bankans. Ákveði Seðlabankinn hins vegar, fyrir nefndan frest, að breyta fyrirhuguðum fyrsta söludegi almenns útboðs verðbréfa, skal bankinn hafa samráð við sendanda tilkynningar um nýjan fyrsta söludag, áður en ákvörðun er tilkynnt.

#### 2. gr.

Reglur þessar öðlast gildi hinn 1. júlí 2001. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 253 frá 2. maí 1996, um fyrsta söludag almennra útboða verðbréfa.

Reykjavík, 15. júní 2001.

*Seðlabanki Íslands,*

**Birgir Ísleifur Gunnarsson.**

**Eiríkur Guðnason.**

**Finnur Ingólfsson.**